



## FUNDARGERÐ

Stjórnarfundur í Sorpurðun Vesturlands hf. haldinn föstudaginn 23. febrúar á skrifstofu SSV í Borgarnesi. Fundur hófst kl.14.00.

Mætt voru: Kristinn Jónasson formaður, Karitas Jónsdóttir, Sturla Böðvarsson, Finnbogi Leifsson, Ásta Kristín Guðmundsdóttir, Arnheiður Hjörleifsdóttir og Sævar Jónsson. Einnig sat Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gekk til dagskrár:

### 1. Fundargerð síðast fundar.

Formaður lagði fram fundargerð síðasta fundar. Stjórn samþykkti fundargerðina

### 2. Ársreikningur 2017

Formaður kynnti ársreikning Sorpurðunar Vesturlands fyrir árið 2017. Stjórn samþykkti ársreikninginn og vísaði honum til afgreiðslu aðalfundar. Jafnframt samþykkti stjórn tillögu um að arðgreiðsla til eigenda yrði 25% og er henni einnig vísað til aðalfundar.

### 3. Grænt bókhald 2017

Formaður kynnti skýrslu um Grænt bókhald fyrir Sorpurðun Vesturlands árið 2017. Stjórn samþykkti skýrsluna og vísaði henni til afgreiðslu aðalfundar.

### 4. Lagabreyting

Lögð fram tillaga að breytingu á 21.gr. samþykktu um Sorpurðun Vesturlands. Stjórn samþykkti tillöguna og vísar henni til aðalfundar.

### 5. Rekstur í Fíflholtum

- a. Formaður gerði grein fyrir stöðunni á rekstri véla og tækja í Fíflholtum. Þar kom fram að vél í troðara er ónýtt og að kostnaður við nýja vél og vinnu við að ísetningu á henni mun kosta um 5. m.kr. Stjórn gerði ekki athugasemdir við verkið.
- b. Formaður fór yfir þær breytingar sem hafa orðið á starfsmannamálum í Fíflholtum frá því stjórn fundaði síðast. Ólafur Sigurðsson lét af störfum um s.l. áramót sökum aldurs og við starfi hans tók Þorkell Þórðarson. Stjórn þakkar Ólafi vel unninn störf og býður Þorkel velkominn til starfa.

### 6. Samráðsnefnd og viljayfirlýsing

Lögð fram drög að samstarfsyfirlýsingu sorpsamlaga á suðvesturlandi. Formaður fór yfir forsögu og forsendur yfirlýsingarinnar sem hljóðar svo.

*„Kröfur er varða úrgangsmál, bæði yfirvalda og íbúa, verða sífellt flóknari og strangari. Því er mikilvægt að stöðugt sé leitað hagkvæmra og umhverfisvænna leiða við meðhöndlun úrgangs. Úrgangur er málefni allra og því nauðsynlegt að sorpsamlögin á svæðinu sameinist um lausnir eins og kostur er þ.a. að hver og einn leggi sitt til lausna sem nýst geti öðrum. Þannig verði hámarks hagkvæmni náð um leið og sem minnst umhverfisleg áhrif úrgangsmeðhöndlunar verða tryggð. Stjórnir SORPU bs., Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf., Sorpstöðvar Suðurlands bs., og Sorpurðunar Vesturlands hf., lýsa því yfir eindregnum vilja þessara aðila til að vinna enn frekar að samstarfsmálum, og mögulega eftir atvikum sameiningarmálum, þessara félaga með hagsmuni heildarinnar í huga.“*

Stjórn samþykkti yfirlýsinguna.

#### **7. Gasmælingar ársins 2017**

Lögð fram gögn frá Eflu verkfræðistofu varðandi gasmælingar í Fíflholtum til kynningar.

#### **8. Önnur mál.**

- a. Gagnasöfnun. Lögð fram gögn frá sveitarfélögum á Vesturlandi um magn úrgangs árið 2017.

#### **b. Tilnefning fulltrúa í samráðshóp**

Samþykkt að framkvæmdastjóri, Hefna B Jónsdóttir verði tilnefnd í samráðshópinn.

#### **c. Aðalfundur**

Stjórn samþykkti að aðalfundur Sorpurðunar Vesturlands verði haldinn mánudaginn 19 mars n.k. á Hótel Hamri og hefst kl. 13.00. Stjórn samþykkti jafnframt dagskrá fundarins.

Fundi slitið.